

Grunnskóli Vestmanneyja
**Stefnumótun í
spjaldtölvuinnleiðingu**



2020-2023

Grunnskóli Vestmannaeyja

Stefna

1. Umsjón með innleiðingu

Á fundi fræðsluráðs Vestmannaeyja þann var stýrihópur skipaður til að leiða vinnu við innleiðingu á spjaldtölvum og upplýsingatækni í skólastarfi. Hlutverk hópsins er að vinna að stefnumótun, útfærslu og tæknimálum.

1.1 Verkefnastjóri

Verkefnastjóri er Guðbjörg Guðmannsdóttir, upplýsingatæknikennari (90% staða).

1.2 Stýrihópur

Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri GRV, Drífa Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi Vestmannaeyjabæjar, Guðbjörg Guðmannsdóttir, verkefnastjóri og Hallgrímur Njálsson, kerfisstjóri Vestmannaeyjabæjar.

2. Hvert skal stefna

Eftirspurn eftir tækjabúnaði hefur aukist til muna þar sem allir kennarar eru farnir að nota tæknina í öllum greinum. Nemendur eru í auknum mæli farnir að kalla eftir fleiri tækjum og sveigjanlegra námsumhverfi. Til þess að anna eftirspurn og koma til móts við vaxandi þörf er mikilvægt að bæta tækjakostinn sem fyrst og efla kennara í starfi.

2.1 Núverandi staða

2.1.1 Stöðumat

Skólinn heldur úti tölvupöntunarblöðum á báðum starfsstöðvum þar sem kennarar geta pantað tæki til að nota í kennslustundum. Þar sem eftirspurnin er mikil fá kennarar tækin ekki eins oft og þeir þurfa og samkeppni um tækin dregur úr áhuga kennara. Kennarar eru samt sem áður farnir að sjá kosti þess að nota tæknina í auknum mæli og er fjölbreytt vinna með tækin á öllum stigum skólans. Búið er að efla tækjakost skólans til muna skólaárið 2019-2020 en þó töluvert eftir til að ná markmiðum að verða 1:1 með tæki skólaárið 2022-2023.

Skólaárið 2019-2020

Við fórum úr því að vera með 20 iPada á yngsta stigi (nemendafjöldi 207/bekkjardeildir 12) yfir í að vera með 75 iPada og 20 Chromebook vélar. Á mið- og unglíngastigi (nemendafjöldi 308 /bekkjardeildir 16) voru til 53 Chromebook vélar og 19 iPadar. Til

afnota eru núna 73 iPadar og 100 Chromebook vélar. Einnig bættust við tæki í námsverum beggja húsa sem samtals telja 11 iPada og 13 Chromebook vélar.

2.1.2 Hlutverk

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfhættir skólans skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Skólinn skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda

2.1.3 Gildi

Gildi GRV eru *GLEÐI-ÖRYGGI-VINÁTTA*

2.2 Hvert er ferðinni heitið?

2.2.1 Framtíðarsýn

Skólinn verði vel búinn tækjum til kennslu og þannig komið til móts við alla nemendur með fjölbreyttum kennsluaðferðum og verkefnaskilum.

Að nemendur hafi aukið val svo áhugi þeirra og styrkleikar nýtist sem best í náminu og þar er tæknin frábært verkfæri til að mæta þörfum nemenda.

Í skólanum starfi kennarar sem hafa áhuga á að nýta tækni í kennslu og fái þann stuðning sem þarf til að gera svo.

Í upphafi skólaárs 2022-2023 verði allir kennarar komnir með sína fartölvu og með góðan aðgang að iPöðum. IPadar verði 1:1 á nemendur í 1.-7. Bekk. Bekkjasett að

Chromebook vélum verði á miðstigi. Chromebook verði 1:1 á unglíngastigi og góður aðgangur að Ípöðum.

2.3 Hvernig komumst við þangað?

2.3.1 Stefna

Það sem skiptir mestu máli er að styrkja tækniþæfni nemenda og kennara og að þeir geti nýtt sér hana til áframhaldandi vaxtar. Til þess að svo megi verða þarf að efla tækjakostinn til muna, efla og fræða kennarana í starfi og tryggja að þeir hafi aðgang að spjaldtölvu sem vinnutæki. Stefnt er að því að spjaldtölvur verði nýttar í öllum árgöngum skólans og að auki verði Chromebook tölvur nýttar á öllum skólastigum.

2.3.2 Meginmarkmið

Að nemendur geti nýtt sér upplýsingatækni í námi og að stefna skólans í upplýsingatækni verði höfð að leiðarljósi.

Upplýsingatækni stuðli að fjölbreyttari kennsluháttum og vinnubrögðum í öllum námsgreinum.

Kennarar geti nýtt upplýsingatækni til kennslu í öllum námsgreinum.

Að tækniúhverfi og tækjakostur skólans verði eins og best verður á kosið hverju sinni.

Efla skapandi skil hjá nemendum og tækniöryggi.

2.3.3 Áfangamarkmið

Fjölbreyttir kennsluhættir.

Fjölbreyttari þæfni og skapandi starf þar sem nemendur virkja sköpunarkraft sinn.

Aukið tæknilæsi nemenda.

Kennarar búi yfir góðri færni til að nýta upplýsingatækni í kennslu.

Tækniúhverfi gott og skilvirkt.

Kennarar með fartölvur og iPad og nemendur einnig.

2.3.4 Aðgerðaráætlun

Byrjað verður á því að setja saman innleiðingarteymi og hefur verkefnastjóri umsjón með vinnu teymisins í samvinnu við stýrihóp. Innleiðingarteymi mun standa saman af kennurum sem bjóða sig fram til að vera leiðandi í innleiðingarvinnunni. Kennarar í innleiðingarteyminu verða þeir kennarar sem fá fyrstir kennara-iPad og iPada fyrir sinn

nemendahóp. Þeir skuldbinda sig til að nýta tækin í kennslu, sitja fræðslu og reglulega stöðufundi með kennurum. Einnig þurfa þeir að leiðbeina öðrum kennurum og vera leiðandi í lærdómssamfélagi um notkun tækni í kennslu. Verkefnastjóri og kerfisstjóri undirbúa tæknilegar hliðar innleiðingarinnar og leiðbeina kennurum. Útbúnir verða notendaskilmálar, verkferlar og reglur. Áætlað er að þessari vinnu verði lokið á vorönn 2020. Haustið 2020 ættu kennarar í innleiðingarteymi að vera tilbúnir til að aðstoða samkennara sína þegar þeir fá tæki fyrir sig og sína nemendur. Haldið verður áfram að kaupa tæki skv. áætlun, fræða og þjálfa kennara og innleiðingu lokið vorið 2023.

2.3.5 Framkvæmd

Vorönn 2020		
Verkefni	Ábyrgð	Kostnaður
Undirbúa tæknileg mál: <ul style="list-style-type: none"> • Þráðlaust net, skýjalausn, tenging spjaltölvu við skjávarpa... • Verkferlar ef tölva verður fyrir tjóni og kynna þá. 	Kerfisstjóri og verkefnastjóri	Leyfi á chromebook 190.086 kr. Net partner Sendar 564.206 kr.
Stofna innleiðingarteymi: <ul style="list-style-type: none"> • Auglýsa eftir kennurum sem hafa áhuga á að vera í innleiðingarteymi. • Þeir kennarar skuldbinda sig til að sitja fræðslu, leiðbeina öðrum kennurum, sitja reglulega stöðufundi með verkefnastjóra.... 	Skólastjóri	
Reglur: <ul style="list-style-type: none"> • Setja fram reglur varðandi umgengni og notkun tölva og kynna fyrir kennurum, foreldrum og nemendum. 	Skólastjóri og verkefnastjóri	

<ul style="list-style-type: none"> ● Endurskoða skólareglur m.t.t. iPadinnleiðingu. 		
<p>Innkaup og afhending:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Innkaup: Kaup á tölvum ● Afhenda kennurum í innleiðingarteymi iPad og bekkjarsett fyrir ákv. bekki. ● Kennarar undirriti notendaskilmála. 	Kerfisstjóri og skólastjóri	<p>48 chromebook 1.906.340 kr.</p> <p>79 stk ipad 6.335.208 kr.</p>
<p>Stuðningur og fræðsla:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Reglulegir stöðufundir skólastjóra og verkefnastjóra ● Stöðufundir með verkefnastjóra ● Samráðsfundir innleiðingarteymis 	Skólastjóri og verkefnastjóri	
Haustönn 2020		
<p>Starfsmannamál:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Verkefnastjóri í 100% ● Tölvuumsjónarmenn 	Skólastjóri	
<p>Innkaup og afhending:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Innkaup á tækjum ● Næsti hópur kennara fær iPad (skrifa undir notkunarskilmála) og ákv. nemendahópar. 	Verkefnastjóri	<p>Ipad 42 stk. 3.141.230 kr.</p> <p>Chromebook 24 stk. 972.180 kr.</p>
<p>Stuðningur og fræðsla:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Námskeið fyrir kennara ● Stuðningur frá innleiðingarteymi ● Reglulegir upplýsingafundir með kennurum (lærdómssamfélag) ● Samráðsfundir innleiðingarteymis ● Stöðufundir með verkefnastjóra 	Stýrihópur	
Samtals:		13.109.250 kr.
Árið 2021		

<ul style="list-style-type: none"> ● Afhending tækja til kennara og nemenda. 	Verkefnastjóri	
<ul style="list-style-type: none"> ● Áframhaldandi stuðningur innleiðingarteymis og samráðsfundir. ● Lærdómssamfélagið virkt með reglulegum fundum. ● Aðkeypt fræðsla. 	Verkefnastjóri og	
Skólaárið 2022-2023		
<ul style="list-style-type: none"> ● Lokið við afhendingu tækja til kennara og nemenda. 	Verkefnastjóri	
<ul style="list-style-type: none"> ● Lærdómssamfélagið ennþá virkt. ● Innleiðingarteymi veitir stuðning og fræðslu. 	Skólastjóri	

2.3.6 Árangursmælingar

Meginmarkmið: <ul style="list-style-type: none"> ● Að nemendur geti nýtt sér upplýsingatækni í námi og að stefna skólans í upplýsingatækni verði höfð að leiðarljósi. 		
Áfangamarkmið: <ul style="list-style-type: none"> ● Fjölbreyttari hæfni og skapandi starf þar sem nemendur virkja sköpunarkraft sinn. ● Aukið tæknilæsi nemenda. 	Mæling: <ul style="list-style-type: none"> ● Könnun meðal nemenda um verkefnaskil. ● Könnun meðal kennara um færni nemenda. 	Viðmið: <ul style="list-style-type: none"> ● Verkefnaskil valfrjáls, skapandi og fjölbreytt. ● Lausnaleitar-, samvinnu- og uppgötvunarnám, nemendur sjálfstæðir í vinnu.
Meginmarkmið: <ul style="list-style-type: none"> ● Upplýsingatækni stuðli að fjölbreyttari kennsluháttum og vinnubrögðum í öllum námsgreinum. 		
Áfangamarkmið:	Mæling:	Viðmið:

<ul style="list-style-type: none"> ● Fjölbreyttir kennsluhættir. ● Upplýsingatækni nýtt í öllum námsgreinum. ● Kennarar búi yfir góðri færni til að nýta upplýsingatækni í kennslu. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Könnun meðal kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Fjölbreyttir kennsluhættir, sjálfstæði nemenda. Lítið um beina kennslu. ● Allir kennarar geti nýtt upplýsingatækni í kennslu með fjölbreyttum hætti.
<p>Meginmarkmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Að tækniumhverfi og tækjakostur skólans verði eins og best verður á kosið hverju sinni. 		
<p>Áfangamarkmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Tækniumhverfi gott og skilvirkt. ● Kennarar með fartölvur og iPad og nemendur einnig. 	<p>Mæling:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Skráning kerfisstjóra. ● Skráningarkerfi. 	<p>Viðmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Net- og skýjalausnir eins og best verður á kosið. Eftirlitskerfi gott. ● Allir kennarar með fartölu og gott aðgengi að iPöðum. ● Chromebook 1:1 á unglingsstigi og gott aðgengi að iPöðum á bekk. ● 1:1 iPad í 1.-7. bekk?

2.3.7 Eftirfylgni

Stýrihópur fylgir mælingum eftir og gerir úrbótaáætlun út frá niðurstöðum ef nauðsynlegt er.

3. Úrræði

3.1. Námsumhverfi

GRV vinnur með skýjalausnina Google for Education og hefur gert allt frá 2016. Þar getur samvinna nemenda farið fram á netinu óháð stað eða tæki eins lengi sem nemendur eru innskráðir á sínum Google reikningi. Í Google kerfinu vistast gögn nemenda á drifinu þeirra og fylgir því ótakmörkuð geymsla fyrir gögnin. Verkfærin sem fylgja eru t.d. Google Sheets, Docs, Forms, Sites og margt fleira. Einnig geta nemendur nálgast ýmsar viðbætur við forritin sem styrkja þau enn betur.

Að auki hafa nemendur aðgang að iPöðum til verkefnavinnu og hafa þar af leiðandi ákveðið frjálstræði til að vinna að skapandi skilum og tækifærið til að nýta styrkleika þeirra við vinnuna. Hvort sem það er að semja lag, gera Green-Screen verkefni, hlaðvarp, myndbandsverkefni, hanna bæklinga og veggspjöld eða hvað sem þeim dettur í hug.

Námsúrræði fyrir nemendur með námsörðugleika hefur aukist til muna og þeim gert kleift á að auðvelda nám sitt með tækninni. Nú geta þeir notað tæknina til að nota rödd sína til að tala inn svör sem tæknin svo breytir í ritaðan texta. Einnig hafa talgervlar líkt og Google viðbótin Read Aloud verið notuð til að lesa upp texta með íslenskri rödd. Næsta skref er að kaupa Voice Dream Reader sem er sérhannað talgervilsforrit til að nota í iPöðunum.

Leitast verður að nota tæknina við kennslu eins og t.d. með því að varpa skjámyndum af spjaldi kennara eða nemenda upp á tjald o.þ.h. Kennarar eru hvattir til að kynna sér hin ýmsu kennsluforrit sem kennarar í innleiðingarhópnum meta síðan hvort það henti til kennslu og notkunar á fleiri skólastigum.

WiFi netlagið er í stöðugri vöktun og leitast er við að laga þá annmarka sem koma í ljós í innleiðingarferlinu.

Það má einnig geta þess að í fyrsta skiptið í ár var hægt að láta alla nemendur taka samræmd próf á sama tíma, en ekki tvískipt eins og áður var. Vegna kaupa á Chromebook vélunum gátu nemendur tekið prófið inn í sinni eigin stofu. Fyrsta rafræna samræmdaprófið fór þó fram 2017.

Þökk sé tækjakaupum og innleiðingavinnu sjáum við ótrúleg tækifæri í tækninni og hefur ástandið (Covid) sýnt fram á mikilvægi tækninnar í kennslu aldrei sem fyrr.

3.1.1 Unglingastig

Á unglingsstigi eru 2-3 bekkjardeildir í hverjum árgangi. Hver og einn nemandi mun hafa aðgang að Chromebook tölvu í kennslustofu til að vinna að sínum verkefnum. Fjöldi tækja í unglingsdeild eru eftirfarandi: 10.bekkur 20 Chromebook vélar, 9.bekkur 30 Chromebook vélar og 10 iPadar, 8.bekkur 20 Chromebook vélar.

3.1.2 Miðstigi

Á miðstigi er samkensla í 5. og 6. bekk og 3 bekkjardeildir í 7. bekk. iPadar verða 1:1 þegar að innleiðingu lýkur. Fjöldi tækja á miðstigi er eftirfarandi: 7.bekkur 10 iPadar, 6.bekkur 27 iPadar og 5.bekkur 10 iPadar. Samtals 57 iPadar og en engar Chromebook vélar.

3.1.3 Yngsta stig

Bekkardeildir eru 3 í hverjum árgangi á yngsta stigi. iPadar verða 1:1 þegar innleiðingu lýkur. Fjöldi tækja á yngsta stigi eru: 4.bekkur 10 iPadar, 3.bekkur 10 iPadar, 2.bekkur 18 iPadar og 1.bekkur 17 iPadar. Samtals 55 iPadar og fartölvuvagn með 20 Chromebook vélum.

3.1.4 Hlutverk kennara og staða

Kennarar þurfa að kunna á tæki sem nemendur eru með, þekkja forritin sem notuð eru, geta kennt nemendum að nýta þau og tengjast við net og skýjalausnir. Þeir þurfa að kunna á nota eftirlitsbúnað. Kennarar þurfa að vera duglegir að sækja sér fræðslu og þora að prufa sig áfram í tækninni. Einnig er nauðsynlegur þáttur í innleiðingunni að kennarar nýti sér þær þjargir sem eru í boði líkt og ráðgjöf verkefnastjóra og þau námskeið og úrræði sem hann setur fyrir.

3.1.5 Hlutverk og staða nemenda

Nemendur þurfa að fara vel með tækin og fara eftir fyrirmælum kennara varðandi notkun og umgengni. Þeir þurfa að læra á forrit, skýjalausnir, kerfi o.fl.

3.1.6 Hlutverk og staða foreldra

Aðstoða nemendur heima við verkefnaskil o.fl. í gegnum forrit og skýjalausnir sem nýtt eru í skólanum. Getu takið þátt í rafrænum fundum.

Umngengnishættir

4.1 Ábyrgð og skyldur starfsmanna skólans

Tækin eru sjálfsagður hluti af skólastarfinu og kennurum ber að nota tækin á viðeigandi hátt í starfi skólans.

Það er í höndum kennara að kenna nemendur réttar umgengnisreglur og ábyrga notkun.

Mikilvægt er að kennarar efla ábyrgð nemenda á eigin námi með tækjunum.

Kennurum ber að afla sér þekkingar á tækninni og möguleikum hennar. Mikilvægur þáttur í því er að kennarar miðli fróðleik og vísu sín á milli.

4.2 Ábyrgð og skyldur nemenda

Nemendur ber skylda til að nota tækin á réttan og ábyrgan hátt, fara eftir reglum og fyrirmælum og umgangast þau af virðingu.

Nemendum er með öllu óheimilt að nota tækin á ólöglegan hátt, s.s. að taka myndir/myndbrot í leyfisleysi og hlaða niður ólöglegu efni og taka þátt í netníð.

Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir því að tækin eru fyrst og fremst námstæki.

Tækið er á ábyrgð nemanda þegar hann er með það í notkun.

4.3 Ábyrgð og skyldur foreldra

Ætlast er til að foreldrum að þeir ræði við börn sín um ábyrga notkun tækjanna.

4.4 Umgengni við tækin

Verkefnastjóri kynnir umgengnisreglur. Farið verður í alla bekkir í upphafi skólaárs og umgengnisreglur kynntar ásamt veggspjaldi sem verður útbúið (*sjá viðhengi 1*).

4.5 Skólareglur

Skólareglur uppfærðar samkvæmt nýjum tækjabúnaði.

Vestmannaeyjar 6.október 2020

IPADAR



REGLUR

UMGENGNISREGLUR TÆKJA

- SPRITTUM HENDUR FYRIR OG EFTIR NOTKUN.
- HÖLDUM Á IPAD MEÐ BÁÐUM HÖNDUM ÞEGAR VIÐ FÖRUM Á MILLI STAÐA.
- IPAD SKAL ÁVALLT VERA Í HULSTRI.
- EKKI FIKTA Í STILLINGUM, SÆKJA FORRIT EÐA EYÐA ÚT NEMA MEÐ LEYFI KENNARA.
- LOKIÐ ÖLLUM FORRITUM EFTIR NOTKUN/MUNA SKRÁ ÚT ÚR GOOGLE.
- SMELLUM VARLEGA Á SKJÁINN
- ENGIN MATVÆLI NÁLÆGT TÆKJUNUM
- **EKKI** ER HEIMILT AÐ TAKA MYNDIR/MYNDBÖND NEMA MEÐ SAMÞYKKI.

Brot við umgengnisreglum: Skráð í dagbók á Mentor og tilkynning send til forráðamanna.

Nemendur geta misst notkunarrétt við ítrekuð brot.

Grunnskóli vestmannaeyja 2020

